

Sjóðurinn Uglan

Hollvinasjóður MA

Samþykktir

¶ 1. gr. Heiti, heimili og hlutverk

Sjóðurinn heitir Uglan og er hollvinasjóður Menntaskólans á Akureyri.

Varnarþing sjóðsins er á Akureyri og heimili hans á skrifstofu Menntaskólans á Akureyri.

Stofnandi sjóðsins er útskriftarárgangur MA 1984.

Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýsköpun í skólastarfi Menntaskólans á Akureyri. Sjóðnum er ætlað að vera stuðningur við þróunarstarf í MA en jafnframt vettvangur fyrir nemendur og starfsmenn að leita til um önnur mál tengd skólastarfinu.

Hlutverk sjóðsins er að vera farvegur fyrir ný og framsækin verkefni. Gæta skal að fjölbreytni við ákvörðun styrkveitinga, þannig að styrkir séu ekki veittir sama eða sambærilegu verkefni til lengri tíma. Nemendur og starfsmenn skólans geta sótt í sjóðinn.

¶ 2. gr. Fjárframlög og úthlutunarreglur.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að úthlutað sé úr sjóðnum í samræmi við tilgang og markmið hans. Úthluta skal úr sjóðnum einu sinni á ári, stefnt skal að úthlutun úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2011.

Tilkynna skal um ákvörðun stjórnar um úthlutun 16. júní ár hvert.

Stjórnin skal taka mið af fjárhagsstöðu sjóðsins við ákvörðun um úthlutun. Gæta skal þess að ekki sé gengið um of á höfuðstól sjóðsins með úthlutun. Fyrst um sinn skal miðað við að byggja upp höfuðstólinn. Aldrei skal vera heimilt að ganga nær höfuðstóli en 50%.

Sjóðurinn er opinn fyrir fjárframlög frá öllum þeim sem styðja vilja við hlutverk og

hugsjónir hans. Skila skal inn styrkumsóknum fyrir 1. maí ár hvert.

Kostnaðar- og verkáætlun skal fylgja umsóknum um styrk í sjóðinn. Helmingur styrks skal greiddur út við upphaf verks og hinn helmingurinn við afhendingu greinargerðar sem ber að skila innan árs frá úthlutun.

□ 3. gr. **Skipun stjórnar.**

Stjórnarmenn skulu vera þrír. Einn stjórnarmaður skal tilnefndur af skólameistara til tveggja ára. Forseti hagsmunaráðs nemenda situr í stjórn sem fulltrúi nemenda. Formaður sem jafnframt er þriðji maður stjórnar skal tilnefndur af 25 ára afmælisárgangi stúdenta ár hvert.

□ 4. gr. **Ábyrgð stjórnar**

Stjórn ber ábyrgð á fjárreiðum sjóðsins. Kostnaður við rekstur sjóðsins greiðist af honum. Dagleg umsjón sjóðsins skal vera í höndum fjármálastjóra MA á hverjum tíma, sem jafnframt skal hafa prókúru. Sjóðurinn ber ekki kostnað af starfi hans. Endurskoðun reikninga skal fara fram árlega og er jafnframt á ábyrgð prókúruhafa sjóðsins. Meirihluta stjórnar þarf til að binda sjóðinn. Endurskoðaðir reikningar skulu liggja fyrir í síðasta lagi 1. september ár hvert. Reikningsár sjóðsins er frá 1. september til 31. ágúst.

Stjórnarfundir skulu að lágmarki vera haldnir tvisvar á ári. Fráfarandi formaður ber ábyrgð á að kalla saman fyrsta fund nýrrar stjórnar árlega. Stjórn skal auglýsa eftir styrkumsóknum á heimasíðu skólans og á annan þann hátt er stjórn telur hentugast. Fráfarandi formaður ber ábyrgð á því að fá tilnefningu á nýjum formanni sjóðsins úr næsta 25 ára afmælisárgangi sem tekur við formennsku 1. september ár hvert.

□ 5. gr. **Gildistími og slit**

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á stjórnarfundum. Við slit á félaginu skal eignum (fjármunum) þess vera ráðstafað í þágu Menntaskólans á Akureyri.

Samþykktir þessar öðlast þegar gildi.

Samþykkt á stofnfundi 16.júní 2009, af 25 ára afmælisárgangi MA 1984.

Breytingar samþykktar 31.mái 2010

Með breytingum, samþykktar 26. mars 2015

Fyrir hönd stjórnar

(undirritað af stjórnarmönnum)